



Dalvegur 30


Byggingarleyfisumsókn fyrir dreifistöð

Dags. 22.09.2025

Umsögn skipulagsfulltrúa

Lagt fram erindi byggingarfulltrúa dags 26. ágúst 2025 þar sem byggingarleyfisumsókn Stefáns Arnar Stefánssonar f.h. Veitna er vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa. Sótt er um að staðsetja dreifistöð að Dalvegi 30A. Uppdrættir í mkv. 1:100 og skráningartafla dags 11. ágúst 2025.


Uppdrættir:



Byggingarlýsing:

Dreifistöð Veitna ohf. nr. 1604, á lóðinni Dalvegi 30A í Kópavogi, er gerð fyrir einn spennu, allt að 1600kVA, 11,0 / 0,4 kV. Lekaþró fyrir olíu (680 lítrar) verður undir spenninum. Stöðin er grunduð á þjöppuðum bögglabergspúða. Botnplata og sökkulveggir eru forsteypt eining, útveggjagrind og þak er gert úr stálprófilum, klædd málmklæðningum. Hurð er úr stálgrind málmklædd. Allt stál er heitgalvanhúðað. Málmklæðningar eru litaðar í RAL 7011.

Skipulagsleg staða



Hluti úr gildandi deiliskipulagi fyrir Dalveg 30, birt í B-deild Stjórnartíðinda 11. júní 2024.



Í gildandi skilmálum deiliskipulags fyrir lóð nr. 30 við Dalveg er gerð krafa um útlit bygginga á lóð:

Almenn ákvæði fyrir Dalveg 30 hús og lóðir.

2. VIÐMIÐ UM HÖNNUN OG FRÁGANG HÚSA OG LÓÐA.

Þau viðmið sem tilgreind eru hér að neðan er ætlað að leggja grunninn að hönnun, útfærslu og útliti einstakra húsa og lóða að Dalvegi 30. Þeim tilmælum er beint til lóðarhafa að Dalvegi 30 að kynna sér ítarlega þessa skipulagsskilmála og þá sér í lagi þau viðmið sem tilgreind eru hér að neðan. sem m.a. tengjast lýðheilsu, hagkvæmni og fagurfræði sem og dæmi eða fyrirmyndir um meginform fyrirhugaðra húsa á svæðinu, útlit þeirra og efnisnotkun ásamt meginlínunum í hönnun lóða.

Viðmið:

2.1 Áhersla skal lögð á vandaða hönnun einstakra húsa og svæða.

2.4 Áhersla skal lögð á vandaða hönnun og efnisval þegar kemur að t.d. lýsingu, skiltum, hellulögn og frágangi gróðursvæða.

4. SÉRSTAÐA SVÆÐISINS OG BYGGINGARÁFORM OG ÁFANGASKIPTING.

Sérstaða þessa svæðis felst m.a. í einstöku tækifæri til að þétta byggð með blöndun verslunar- og þjónustu og athafnasvæðis og hve nátengt svæðið er Reykjanesbraut. Því er mikilvægt að vel takist til í mótun byggðarinnar og þær væntingar sem skipulagsyfirvöld bera til svæðisins um vandaða og góða hönnun skili sér í útliti og útfærslu einstakra húsa og lóða innan þess.

[Umsögn og niðurstaða](#)

Vegna áberandi staðsetningar á verslunar- og þjónustulóð í Kópavogi við fjölfarinn veg, bæði akandi, hjólandi og gangandi umferðar er mikilvægt að vanda efnisval og hönnun á dreifistöð, hafa uppbot í klæðningu og að útlit dreifistöðvar rýri ekki götummynd.

Staðsetning og stærð dreifistöðvar er í samræmi við gildandi deiliskipulag.

Útlit dreifistöðvarinnar skv. byggingarlýsingu þykir ekki í samræmi við skilmála gildandi deiliskipulags en í þeim er kveðið á um að vanda skuli efnisval og hönnun. T.d er hægt að líta til annarrar dreifistöðvar við sömu götu, milli Dalvegs 32A og 32B sem hefur viðarklæðningu og uppbot í klæðningu.

F.h. skipulagsfulltrúa Kópavogs

Brynja Guðnadóttir

verkefnastjóri

